



Nýársávarp
forseta Íslands
Vigdísar Finnbogadóttur
1. janúar 1994

Góðir Íslendingar.

Góðan dag og gleðilegt nýtt ár.

Á árinu sem leið voru 75 ár liðin síðan Ísland varð fullvalda ríki. Það gerðist hinn fyrsta desember árið 1918 og þann dag öðlaðist íslensk þjóð í raun á nýjan leik það sjálfstæði sem hún hafði átt í árdaga. Með fullveldinu fékk hún allan rétt til að stýra eigin málum ein og óstudd, þótt hún gerði um leið nýjan sáttmála við Dani um að hafa sama konung og þeir um sinn og að Danir skyldu fyrst í stað sinna utanríkismálum og landvarnarmálum og æðsti dómstóll landsins yrði í Kaupmannahöfn. Hæstiréttur var stofnsettur í Reykjavík árið 1920 og utanríkismál sín tóku Íslendingar í raun í sínar hendur á stríðsárunum síðari. Fullveldið, sem þarna var fengið, var svo að sínu leyti beint framhald þess sem gerst hafði hinn fyrsta febrúar árið 1904 þegar við fengum heimastjórn og við getum nú að réttum mánuði liðnum minnst níutíu ára afmælis þess merka áfanga. Frelsi sitt eignuðust Íslendingar með fullveldissamningnum árið 1918, frelsi sem síðan endanlega var staðfest með sjálfstæði Íslands meðal þjóða heims við stofnun íslenska lýðveldisins hinn 17. júní 1944. Fimmtíu ára afmælis þess fögnum við nú á því ári sem gengið er í garð.

Saga Íslendinga síðustu öldina einkennist miklu fremur af stórum stökkum en hægri þróun. Þjóð sem um aldir hafði búið við kröpp kjör lagði ofurkapp á að afla sér veraldlegra gæða og tryggja velferð sína og barna sinna. Við höfum unnið hörðum höndum að því í öll þessi ár frá því í byrjun aldarinnar að byggja upp sjálfbjarga ríki og síðan velmegunarþjóðfélag. Dugnaður fólksins hefur ekki síst tengst þeim metnaði sem það hefur átt í hjarta sínu fyrir hönd barna sinna – þau áttu að eignast ekkert minna en sjálfa lífshamingjuna. En þessu fylgdi þversögn, sem einmitt er í því fólgin að þetta vildu menn gera með því að gefa nýrri kynslóð þegar í stað allt það sem þeir sjálfir höfðu ekki notið.

Viðfangsefni handa öllum verkfúsum höndum hafa verið gæfa þessarar þjóðar mestan hluta sjálfstæðistímans og lýðveldisáranna. Oft hefur meira að segja skort vinnuafli í landinu. En nú kreppir að. Atvinna er ekki nóg, og framtíðargöturarnar reynast ekki eins sjálfgengnar til auðsældar og áður sýndist. Okkur sem enn njótum fullrar atvinnu hlýtur öllum að vera ljóst að atvinnuleysi og sár fátækt, sem við vitum af eru blettir á samfélagi okkar, blettir sem okkur ber siðferðileg skylda til að beita öllum ráðum til að afmá. Enginn Íslendingur getur unað því að horfa á meðbræður og systur líða fyrir atvinnuleysi. Til þess erum við of fá, fjölskyldubönd okkar of sterk, ábyrgð okkar hvers á öðru of augljós.

Á góðum stundum höfum við hugsað til þess með gleði og nokkru stolti að á Íslandi sé að finna bæði hreint land og gott mannlíf. Við höfum trúað á samræmi milli landsins hreina, loftsins tæra og mannlífs í öryggi. Við höfum lifað við óttaleysi og

traust til grannans, og mörgum sem stærri ból byggja hefur þótt við öfundsverð í þeim efnum.

En skyndilega hrökkvum við nú upp sem af draumi við ótíðindi af ofbeldisverkum, tíðari og hörmulegri en okkur áður uggði. Fjölmíðlar greina um hverja helgi frá fólkskulegum misþyrmingum og segja okkur jafnframt fregnir af mönnum sem gera sér unglínga og börn að féþúfu og skirrast ekki við að pranga inn á þau hverskyns ólyfjan. Menn spyrja að vonum sjálfa sig og aðra: hvað er hér að gerast?

Ekkert svar er einhlítt. Sumir leita svara í vaxandi hörku lífsbaráttunnar, í bágunum atvinnuhorfum, sem hér sem annars staðar láti ungu fólki finnast sem enginn spyrji frammar eftir hæfileikum þess, getu og kunnáttu. Aðrir leita skýringa í ofbeldisdýrkun sem gerst hefur fyrirferðarmikil í afþreyingariðnaði síðustu ára. Sú ofbeldisdýrkun er nú áhyggjuefni víða um lönd, svo ráðamenn stórbjóða lýsa hver af öðrum óhug sínum og hvetja til andófs.

En við getum einnig spurt að því hvort ekki þurfi að skoða þann heimaefnginn bagga sem hverju barni og hverjum unglingi ætti að vera hollur. Um aldir voru fjölskyldulíf og heimili kjölfesta í siðferði og siðfræði allra þjóða. Þar kenndu fordæmin umferðarreglur allra mannlegra samskipta. Hræringar síðustu ára, tæknibylting nútímans og hömlulaust lífsgæðakapp virðast hafa leitt til þess að þessi kjölfesta fjölskyldunnar hefur raskast.

Hér er brýnt að hyggja í eigin barm og skoða þá ræktun tilfinninga og gilda sem hefur með einhverjum hætti mistekist. Okkur má öllum ljóst vera að heimilið er það tilfinningalega athvarf sem allir menn vilja og þurfa að eiga. En við getum líka spurt okkur hvort ekki væri æskilegt að skólar okkar væru betur í stakk búnir til að miðla því sem heimilin kenndu áður. Við hljótum að spyrja hvort það geti verið börnum okkar og barnabörnum til velferðar ef við vanrækjum að tryggja þeim hvort tveggja í senn, menntun og siðmenntun, ef við svíkjumst um að veita þeim þá siðferðilegu þjálfun sem felst í því að aga dómgreind sína. Engum getur dulist að við höfum í þjóðfélagsumróttinu þokað uppeldisskyldum okkar yfir á skólana. Hversu sem að okkur kann að þrengja í efnalegu tilliti getum við aldrei verið fyrir samvisku okkar að skera framlög til þessara uppeldisstofnana svo við nögl að það komi niður á menntun og um leið framtíð næstu kynslóða. Þá höfum við keypt eigin stundarsælu of dýru verði.

Árið 1994 er að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna kallar „Ár fjölskyldunnar“. Við hugsum fæst nógu oft og mikið um þá staðreynd, að fólk vill í rauninni ekkert fremur en gott fjölskyldulíf. Það setja menn, þegar um er spurt, öðrum lífsgæðum ofar.

Á heimilum okkar er lagður grunnur að framtíðarheill landsins barna. Börn heyra allt og skynja allt, tileinka sér allt. Þess vegna er gott uppeldi ekki umfram allt fólgið í boði og banni, eins þótt skynsamleg séu, heldur öðru fremur í fyrirmyndum: að við höfum fyrir börnum og unglingum það líf sem við viljum að þau lifi. Það stoðar lítið að búa til óskamynd af hegðun og breytni og ætla börnum okkar að falla inn í hana ef athafnir okkar, hinna fullorðnu, benda í allt aðra átt. Og það hljótum við að viðurkenna að umgengnisreglur okkar í mannlegu félagi hafa ruglast. Því þurfum við að spyrja okkur af hreinskilni og hlífðarleysi:

Hver axlar þá ábyrgð að breyta rangri þróun í rétta?

Hver annast börnin okkar ef við bregðumst þeim?

Höfum við gefið okkur tíma til að hlusta á og tala við börnin?

Höfum við sýnt skóla þeirra þann áhuga og þá virðingu sem börn okkar eiga skilið og veitt honum og sjálfum okkur um leið það aðhald sem að gagni má verða?

Höfum við virt þann góða kost að fjölskyldan getur skemmt sjálfri sér, ferðast saman um eigið land, notið svo margra hluta saman?

Eða höfum við gert allt sem við höfum getað til að flétta þeirri einföldu vitneskju inn í tilfinninga- og vitsmunalíf unglingsanna, að sá er ekki sterkastur sem hefur barefli eða vanstillta hnefa á lofti, heldur hinn sem kemur fram við aðra menn með þeirri virðingu og tillitssemi sem honum sjálfum verður dýrmætust?

Hvað viljum við? Stöðugan ótta við grannann, varðhunda við hvert hús?

„Án er ills gengis nema heiman hafi,“ segir í Gísla sögu Súrssonar. Ekkert gerist af sjálfu sér. Það er ofurbjartsýni að ætla að börn drekki í sig með móðurmjólkinni arfleifð sína og tungu, og þann innri siðferðisstyrk sem hjálpar þjóðum jafnt sem einstaklingum að bera höfuðið hátt.

Þótt mestu varði framlag okkar sjálfra sem einstaklinga og fjölskyldna þurfum við líka öflugna samstöðu í uppeldismálum. Og þar verður stærsti félagsskapur okkar, sjálft samfélagið, einnig að bæta fyrir sínar vanrækslusyndir meðal annars með því að standa betur við bakið á foreldrum í viðleitni þeirra og áhyggjum – til dæmis í því að koma á samfelldum skóladegi, vinna gegn því að börn séu á hrakhólum, leggja þeim lið sem erfiðast eiga.

Ég gat þess í upphafi að við værum nú stödd mitt á milli þjóðminningardaga, fyrsta desember þegar minnst var 75 ára fullveldis og 17. júní þegar lýðveldið er hálfra aldar.

Þjóðminningardagar geta vel orðið leiðigjarnir, ef við gerum þá að vana einum saman. En við getum líka átt okkur þá virku forvitni um fortíð okkar og minningar sem gera þá að kærkominni hátíð. Við lærðum það sem börn, að í ævintýrum er ekkert verra en að missa minnið, það eru verstu álögin; sá sem fyrir verður er ekki lengur hann sjálfur og ef til vill gerir hann eitthvað sem aldrei skyldi. Viska ævintýrsins sagði okkur líka, að það var svo sigurinn mesti að endurheimta minnið – verða maður sjálfur aftur.

Sagt er að ekki skuli menn og þjóðir einatt horfa um öxl. En við getum með góðri samvisku lagt rækt við hið þakkláta minni, sem segir okkur að leið þjóðarinnar var löng og gangan einatt ströng og lýsir virðingu við þá sem ruddu brautir, minni sem sækir styrk í það líf sem lifað var og veit að ekkert sem er nokkurs virði fæst án fyrirhafnar og baráttu. Það minni gerir okkur kleift að þakka einstaklingum og heilum stéttum það, sem vel hefur verið gert, eljusemi þeirra sem hefur gert okkur mögulegt að komast af í þessu landi. Þá mun okkur takast að sækja styrk í þann dugnað og útsjónarsemi feðranna sem til þessa hefur leyft okkur að taka við nútímanum á eigin forsendum. En síst af öllu megum við gleyma því að manngildið er öllu æðra.

Á merku afmælisári hljótum við að þurfa að draga skynsamlega lærdóma af skyndileika breytinganna á okkar tíð og því að tengsl okkar við umheiminn eru miklu meiri og virkari en nokkru sinni fyrr. Okkur er brýnt að minna okkur sjálf á þá ábyrgð sem á hverju okkar hvílir: að skila til framtíðarinnar því lífi sem við kjósum að lifa í þessu landi; þá miklu ábyrgð að varðveita tungu okkar, myndríka og kröfuharða, sem er sjálfur kjarninn í sérleika okkar, og minningar okkar sem hvorki við né umheimurinn viljum að gleymist eða verði settar á safn fyrir fáa forvitna.

Góðir landar mínir. Á þessari stundu er mér ofarlega í huga að þakka alla þá velvild og gestrisni sem mér hefur verið sýnd hvar sem mig bar að garði á nýliðnu ári. Ég sendi öllum þeim innilegar samúðarkveðjur sem harmur og raunir hafa sótt heim. Ég bið þeim allrar blessunar sem eru að stíga sín fyrstu skref í tilverunni. Megum við

öllum njóta samhygðar, gagnkvæms trausts og kjarks sem verði þjóðinni til velfarnaðar á nýbyrjuðu ári, afmælisári íslenska lýðveldisins og á ókomnum tímum.
Guð blessi Íslands og Íslendinga.